

Skólaráð | FUNDARGERÐ

27. Nóvember 2018 | Fundarstaður: Glersalur Kl.11:25

Fundarboðun	Guðrún Inga	Aðalheiður Ásgrímsdóttir
Fundarstjórn	Guðrún Inga	Alda Jóna Nóadóttir
Fundargerð	Guðrún Inga	Guðrún Inga Sívertsen
		Máni Þór Magnason
		Pétur Már Sigurðsson

DAGSKRÁ

Time allotted | Time | Agenda topic Topic | Presenter Name

- Fundargerð síðasta fundar
- Erindi til skólaráðs tekin fyrir
- Skólaþing
- Jafnréttisáætlun VÍ
- Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar

Flutningsmaður

Fundargerð samþykkt eftir síðasta fund og hefur verið birt á heimasíðu skólans. Guðrún Inga

Erindi til skólaráðs tekin fyrir

Flutningsmaður

Skólaráði hefur borist 1 erindi á milli funda. Erindið er fyrirspurn frá foreldri varðandi skólabyrjun á morgnana. Spurt er hvort skólinn hafi kannað þann möguleika á að byrja skólann klukkan 8:30 í stað 8:15. Skólaráð veit ekki til þess að þetta hafi verið skoðað neitt sérstaklega. Skólaráð leggur til að þessi mál verði skoðuð m.t.t. hvernig stundatafla gæti litið út og jafnvel hugur nemenda og kennara kannaður til málsins. Guðrún Inga

Skólaþing

Flutningsmaður

Dagur hefur verið ákveðinn fyrir skólaþing og er hann 21.janúar. Stefnt er að þriggja tíma þingi og helstu umræðuefni verða skólabragur og kennsluhættir. Guðrún Inga

Skólaþing

Flutningsmaður

Þátttakendur verða nemendur, starfsmenn, skólanefnd og foreldrar.

Jafnréttisáætlun VÍ

Flutningsmaður

Jafnréttisáætlun skólans er að finna á heimasíðunni. Mikilvægt er að fara yfir áætlunina reglulega. Meðlimir skólaráðs ætla að skoða áætlunina fyrir næsta fund og koma með tillögur ef eitthvað má betrubæta.

Guðrún Inga

Önnur mál

Flutningsmaður

Fulltrúar nemenda í skólaráðinu vildu benda á mikið álag á nemendur síðustu vikur annarinnar. Dæmi er að 50% af námsmati símatsáfanga safnist á síðustu 2 vikur annarinnar. Allir sammála um að skoða þarf skipulag anna m.t.t. þeirra áfanga sem raðast saman á annir.

Pétur og Máni

Rætt var um sóknareiningar undir liðnum önnur mál. Í dag geta nemendur fengið 2 sóknareiningar fyrir góða ástundun á skólaárinu. Rætt var um hvort hægt væri að skipta þessum einingum niður á annir þannig að hægt væri að ná sér í 1 einingu fyrir hverja önn. Það gefur t.d. þeim tækifæri sem eru með slæma ástundun á haustönn að ná í eininga á vorönn með bættir ástundun.

Fundi slitið 12:20